

*Skólasel
Sandgerðisskóli*



Dagskrá

kl. 13:25	Mæting
Kl. 13:50	Val
Kl. 13:50 - 14:30	Kaffi
Kl. 13:50 -	Val
15:30-16:00	Róleg stund

Nauðsynlegt er að tilkynna forföll, leyfi og veikindi til starfsmanna Skólasel eða hjá ritara skólans.

Ef barnið sækir íþrótt- og tómstundarstarf innan tíma Skólasel þarf að láta starfsfólk Skólasel vita.



Sandgerðisskóli
vöxtur – virðing – vilji - vináttu

Velkomin á Skólasel



*Skólasel
Sandgerðisskóli*

*425-3105
425-3100*

*skolasel@sandgerdisskoli.is
ritari@sandgerdisskoli.is*

Skólasel býður upp á samfelldan dag fyrir nemendur í 1.– 4. bekk að loknum skóladegi eða frá kl. 13:25-16:00 mánudaga til föstudaga.

Síðdegishressing kemur alla daga frá Skólamat.

Skólasel er lokað í jóla- og páskafríum og á starfsdögum skólans. Á samskiptadögum er Skólasel opið frá kl.8:15 -16:00. Á tilbreytingardögum opnar Skólasel jafnan um leið og skóla lýkur, það er auglýst sérstaklega hverju sinni.

Kostnaðarhlutur foreldra

Greitt er fyrir gæsluna fyrirfram og sér bæjarskrifstofa Suðurnesjabæjar um innheimtuna. Ef greiðsla vegna barns hefur ekki borist hálfum mánuði eftir gjalddaga getur það ekki haldið áfram í Skólaseli.

Fullt gjald er 13.310 kr á mánuði m/síðdegishressingu
Hálft gjald er 6.655 kr á mánuði m/síðdegishressingu,
hálf gjald er miðað er við 6 klst á viku.


Veittur er 30% systkinaafsláttur af vistunargjaldi við annað barn, 100% afsláttur af vistunargjaldi 3ja barns.

Einstæðir foreldrar fá 25% afslátt af vistunargjaldi.

Starfsmenn Skólasels eru:

Heiða Rafndóttir umsjónamaður, Friðbjörg Ósk Arnbergdóttir,
Erla Sigurjónsdóttir og Margrét Rósa Ægisdóttir.

Skólasel notast við Karellen skráningarkerfið. Þar inni er skráð mæting og settar inn myndir úr starfinu.



Á Skólaseli er skipulögð dagskrá þar sem hugað er að frjálsum leik, listum, hreyfingu og næringu. Starfsfólk Sandgerðisskóla vinnur eftir hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar (e. Restitution).

Í valinu er ýmislegt í boði eins og að lita, spila, púsla, leira, fara í útiveru, kubba, perla, vera í lestrarkósý. Einu sinni í viku er boðið upp á bókasafn, tölvustofu og að sprella í stóra salnum í Íþróttahúsinu.

Ef foreldrar hyggjast hætta að nota Skólasel eða koma inn með ný börn þarf að láta vita af því með tveggja vikna fyrirvara.

Umsóknareyðublöð liggja hjá ritara skólans og á heimasíðu skólans www.sandgerdisskoli.is